


ÁLFTANES

KYNFERÐISLEG OG KYNBUNDIN ÁREITNI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011 og 2013

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	5
KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	6
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU	7
SAMANTEKT	8

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? 5

Mynd 2. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. ... 6

INNANGUR


Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni skoðuð fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013. Skýrslunni er skipt upp í fjóra hluta; (1) Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað, (2) Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu og (4) Samantekt.

Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 var kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni mæld með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oft en einu sinni. Útskýrt var á undan spurningunum að kynferðisleg áreitni fæli í sér kynferðislegar athafnir, hegðun eða athugasemdir sem beinast að einstaklingi og eru gegn hans samþykki eða vilja. Kynbundin áreitni er særandi eða niðurlægjandi framkoma í garð kvenna og karla vegna kyns þeirra, t.d. konur eru..., karlar eru..., án þess þó að vera kynferðisleg.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í enginn hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í öllum þremur fyrirlögnum spurningalistans.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,0-1,1% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist 0,9% í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.



Mynd 2. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Sjá má að enginn hafði orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögnunum 2010 og 2011 og 2,7% í fyrirlögninni 2013. Hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist 1,7% í fyrirlögninni 2013.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir kynbundinni áreitni oftari en einu sinni er hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögnunum 2013.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftari en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,8-2,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-1,4%.

GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU

Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu á vinnustað. Spurt var: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Enginn merkti við að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á núverandi vinnustað í neinni fyrirlögn spurningalistans og því ekki um neina gerendur að ræða í kynferðislegu ofbeldi á núverandi vinnustað.

Hvað kynbundna áreitni varðar þá mældist hún aðeins í fyrirlögninni 2013 og í þeim tilvikum var um stjórnanda að ræða.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013. Fjallað er um kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað, kynbundna áreitni á vinnustað og gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu.

Niðurstöðurnar sýna að enginn hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í öllum þremur fyrirlögnum spurningalistans. Einnig sýna niðurstöðurnar að aðeins í fyrirlögninni 2013 kom fram kynbundin áreitni og þá var það af hendi stjórnanda.